
Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

TÓNLEIKAR



**í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn 17. febrúar 2008
kl. 17:00**

Einleikari á enskt horn og ástaróbó: Peter Tompkins

Einleikari á trompet: Jens Guðjónsson

Stjórnandi: Óliver Kentish

**Aðgangseyrir er kr. 1500, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 500 fyrir nemendur og eldri borgara.**

Efnisskrá:

Aaron Copland:	Quiet City
Gaetano Donizetti:	Concertino í G-dúr fyrir enskt horn og hljómsveit <i>Andante - Andante - Allegro</i> - HLÉ -
Ralph Vaughan Williams:	Sinfónía nr. 5 <i>I. Preludio. Moderato</i> <i>II. Scherzo. Presto misterioso</i> <i>III. Romanza. Lento</i> <i>IV. Passacaglia. Moderato</i>

Um flytjendur, höfunda og tónverk



Aaron Copland (1900-1990) var tvímælalaust með virtustu tónskáldum síðustu aldar. Hann fæddist og ólst upp í New York og átti mikinn þátt í að móta amerískan stíl í tónskáldskap. Hann samdi alls konar tónlist, fyrir stórar hljómsveitir og litlar, kammertónlist, tónlist fyrir leikhús, kvikmyndir og ballet. Auk tónsmíða var hann ötull við að halda fyrirlestra,

skrifaði bækur og greinar um tónlist, lék á píanó og stjórnaði hljómsveitum. Árið 1940 samdi Copland verkið Quiet City upp úr leikhústónlist sem hann hafði gert árið áður við samnefnt leikrit eftir Irwin Shaw. Leikritið hafði kolfallið eftir tvær sýningar en tónlistin lifði. Tónlistin á að endurspegla umfjöllunarefni leikritsins, fortíðarþrá, eftirsjá, einmanaleika og kvíða, sem kemur fram að nóttu í stórborg. Enskt horn túlkar þessar tilfinningar en í fjarska heyrir kall trompetsins og hvetur til dáða.



Gaetano Donizetti (1797-1848) var afkastamikið tónskáld, fæddur í Bergamo á Ítalíu. Eftir hann liggja ekki færri en 75 óperur og það eru þær sem einkum halda nafni hans á lofti. Hann samdi einnig fjölda annarra verka, 19 strengjakvartetta, 16 sinfóníur, 193 sönglög, 28 kantötur og margt fleira. Concertino í G-dúr fyrir enskt horn, sem hér er fluttur, er æskuverk hans, saminn árið 1816 fyrir skólafélaga hans í Bologna. Enska hornið, sem verkið er samið fyrir, var G-hljóðfæri en slík hljóðfæri eru ekki lengur í

notkun. Tónsvið þess var ferund fyrir neðan óbó þess tíma. Nú á tímum er þetta verk gjarnan flutt á oboe d'amore, ástaróbó, en það er A-hljóðfæri og þarf því að tónflytja verkið.



Ralph Vaughan Williams (1872-1958). Með flutningi fimmtu sínfóníu Vaughan Williams minnst Sínfóníuhljómsveit áhugamanna þessa að hálföld er liðin frá andláti tónskáldsins. Hann er gjarnan talinn með merkustu tónskáldum nýliðinnar aldar og sá sem hafði mest áhrif á þróun tónlistar í Englandi á seinni tímum. Hann kom víða við í tónsköpun sinni, samdi sínfóníur, óperur, kammertónlist, kórverk og kvikmyndatónlist. Hann safnaði einnig enskri þjóðlagatónlist á tímum þegar leit út fyrir að hún mundi glatast vegna innreiðar prentaðrar, alþjóðlegrar tónlistar. Hann ferðaðist þá um sveitirnar og skrifaði niður laglínur. Sumar þeirra rötuðu inn í hans eigin tónlist síðar. Að þessu leyti svipar honum til höfunda eins og Jóns Leifs og Béla Bartók sem Sínfóníuhljómsveit áhugamanna flutti verk eftir fyrr á þessu starfsári. Vaughan Williams var af frægri ætt vísindamanna, listamanna og skálda, Darwin-Wedgwood-ættinni. Hinn frægi Charles Darwin var ömmubróðir hans og raunar var Emma, kona Charles, einnig náskyld honum, var afasystir hans. Þrátt fyrir háborgaralegan uppruna var hann hugsjónamaður, var jafnaðarmaður og trúleysingi. Þegar heimsstyrjöldin fyrri skall á hefði honum verið í lófa lagið að fá undanþágu frá herþjónustu vegna aldurs og menningarstarfa sinna. Hann kaus þá að þjóna sem sjúkraflutningamaður við hinar erfiðustu aðstæður. Sprengjudynurinn olli tjóni á eyrum hans og bilaði heyrnin á efri árum af þeim sökum. Hann hafnaði ýmsum vegtyllum, meðal annars aðalstign. Trúmálin vöfðust ekki fyrir honum. Þrátt fyrir yfirlýst trúleysi samdi hann trúarlega tónlist og sá til dæmis um ritstjórn Ensku sálmabókarinnar (The English Hymnal) og samdi þar nokkur mikið notuð sálmalög.

Af sínfóníu Vaughan Williams þykir sú fimmta aðgengilegust og er hún mest flutt. Skemmst er að minnast flutnings Sínfóníuhljómsveitar Íslands í síðasta mánuði. Tónskáldið var rúmlega sjötugt þegar hún var frumflutt árið 1943 og töldu margir að hún yrði hans svanasöngur. Það varð aldeilis ekki, hann samdi og gaf út fjórar til viðbótar og fyllti töluna 9 eins og sumir á undan honum. Í fimmtu sínfóníunni notar hann stefjaefni úr óperu sem hann vann að á sama tíma, The Pilgrims's Progress.

Á titilblaði segir að sínfónían sé í D-dúr en það ber að skoða sem viljayfirlýsingu fremur en lýsingu. Sínfónían byrjar á c, sem er ekki einu sinni í D-dúr tónstiganum, og síðan þvælist hún um víðan völl tóntegunda. Stundum hljómar hún eins og leikið sé í fleiri tóntegundum samtímis.



Jens Bernward Guðjónsson ásamt Peter Tompkins.

verði virkur þátttakandi í tónlistarlífinu og leikið með ýmsum listamönnum, hljómsveitum og hljóðfærahópum bæði hér heima og erlendis. Peter er formaður Bachsveitarinnar í Skálholti og einn af frumkvöðlum í flutningi barokktónlistar á upprunaleg hljóðfæri á Íslandi. Hann leikur með Sínfóníuhljómsveit Íslands og kennir í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Peter var heiðurslaunaþegi menningarsjóðs Garðabæjar árið 2000.

Jens Bernward Guðjónsson (f. 1983) hóf nám í trompetleik 8 ára í Skólahljómsveit Mosfellsbæjar hjá Lárusi Sveinssyni trompetleikara og lék lengi vel með Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og Lúðrasveit Æskunnar. Jens stundaði nám í Tónlistarskóla FÍH 2000-2007 hjá Ásgeiri Steingrímssyni og síðar Eiríki Erni Pálssyni í klassískum og seinna einnig jazz-trompetleik. Öll árin var hann meðlimur í Stórsveit FÍH. Jens hefur leikið í Sínfóníuhljómsveit áhugamanna síðan 2005. Hann lauk B.Sc. námi í byggingarverkfræði við Háskóla Íslands 2006 og hefur starfað hjá Almennu verkfræðistofunni síðan. Hann hyggur á framhaldsnám í byggingarverkfræði í haust.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur starfað óslitið frá árinu 1990. Félagar í hljómsveitinni koma úr ýmsum starfsstéttum og spanna breitt aldursbil. Hér leika kynslóðirnar saman, kynslóðabilið er óþekkt. Hljómsveitin hefur haldið tónleika víða um land og oft leikið með kórum og tónlistarfólki á landsbyggðinni. Næsta haust hyggst hún fara til Berlínar og halda tónleika með elstu áhugamannasveit þar í borg. Tónleikarnir verða haldnir í Philharmonie, einu frægasta tónleikahúsi veraldar. Á efnisskránni verða verk eftir Jórunni Viðar, Jón Leifs og Dvorák. Auk þess verður frumflutt verk eftir þýskt tónskáld. Í ferðanefnd sveitarinnar eru Súsanna E. Friðriksdóttir og Kristín Thoroddsen.

Stjórn hljómsveitarinnar skipa: Páll Einarsson (formaður), Kjartan Guðnason (gjaldkeri), Guðrún Másdóttir (sér um vefsíðu o. fl.), Páll Ingvarsson (nótnavörður) og Sverrir Guðmundsson.

Frekari upplýsingar um starf hljómsveitarinnar má finna á vefsíðu hennar:
<http://www.ahugasinfonia.is/>



*Kynslóðirnar vinna saman.
Björn R. Einarsson og sonarsonur hans,
Baldvin Oddsson.*

Pianissimo misterioso.



Það er alltaf gaman á æfingum.

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Hildigunnur Rúnarsdóttir

1. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Elfa Björk Rúnarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson
Rós Pétursdóttir
Freyja Auðunsdóttir
Henný Prastardóttir

2. fiðla

Páll Ingvarsson
Jónína Thorarensen
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Erna Másdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Helga Andrésdóttir
Helga R. Óskarsdóttir

Víóla

Hanna Kaasalainen
Helga Guðrún Sigurjónsdóttir
Halldóra Æsa Aradóttir
Auðbjörg Ingvarsdóttir
Súsanna E. Friðriksdóttir
Dórótea Høeg Sigurðardóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Henrik Deiting
Margrét Árnadóttir
Hrefna Guðmundsdóttir
Kristín Thoroddsen

Kontrabassi

Roine Hultgren
Birgit Myschi
Dean Ferrell

Flauta

Karen Erla Karólínudóttir
Pamela de Sensi

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Enskt horn

Peter Tompkins

Klarinetta

Guðmundur G. Haraldsson
Barclay Anderson

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Rebekka Bryndís Björnsdóttir

Horn

Brynjar Björnsson

Trompet

Baldvin Oddsson
Jens Guðjónsson

Básúnur

Björn R. Einarsson
Finnbogi Darri Guðmundsson
Haraldur Prastarson

Pákur

Örvar Erling Árnason

Hljómsveitin þakkar

Seltjarnarneskirkju, Sinfóníuhljómsveit Íslands og SPRON
ómetanlegan stuðning.